

Nr. 21-010 S 003 Lilja LH 3654***Skipverji slasast á hendi***

Skipask.nr. MMSI 257107960
Skráning: Noregur
Smíðaður: Króatía 2020, ál.
Útgerð: Arnarlax ehf.
Mesta lengd: 14 m *Breidd:* 7,5 m
Dýpt: 2,5 m
Fjöldi skipverja: 3

Gögn:
Gögn RNSA



Lilja©Andri Pálsson

Málið afgreitt á fundi 17. maí 2021 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 9. janúar 2021 var vinnubáturinn Lilja LH 3654 við festar utan á sjókví á Arnarfirði. Veður: NA 3-6 m/s og ölduhæð 1 m.

Skipverjar voru að sleppa festum til að færa bátinn yfir að annarri sjókví. Einn þeirra tók tógenda (auga) af polla en vegna hreyfingar á bátnum húkkaðist augað með þeim afleiðingum að vísifingur vinstri handar klemmdist á milli.

Siglt var með slasaða til hafnar og farið með hann á sjúkrahús þar sem sauma þurfti fingurinn en hann reyndist óbrotinn.

Við rannsókn kom fram:

- að slasaði taldi að augnabliks gáleysi hafi orsakað slysið og fram kom hjá honum að eftir atvikið hefði verið settar lykkjur í augu tógsins þannig að ekki þarf að grípa um þau.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu en telur að gerðar breytingar á verklagi hafi verið réttar og viðeigandi.